

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 23. apríl 2014 kl 13.30

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 11. apríl 2014

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 11. apríl 2014. Fundargerð samþykkt.

2. Breytt skipan stjórnkerfis atvinnu og byggðaðpróun.

a. Tillögur stýrinets sóknaráætlunar landshluta.

Lagt fram minnisblað stýrinets sóknaráætlunar landshluta sem kynnt var á fundi stýrinetsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga í Reykjavík þann 11. apríl 2014. Í minnisblaðinu eru settar fram tillögur um útteilingu fjármagns og fyrirkomulag samninga um sóknaráætlun landshluta og vaxtarsamninga. Tillögur eru sem hér segir;

- Samningar um sóknaráætlun landshluta og vaxtarsamninga verði framlengdir til lok þessa árs.
- Samið er við landshlutasamtök um úthlutun á fjármunum vaxtarsamninga til viðbótar fjármunum í sóknaráætlunum. Áætlað framlag fyrir Vestfirði er 40,8 mkr (15,1 mkr v. sóknaráætlunar og 25,7 mkr vegna vaxtarsamnings)
- Hafin verði vinna stýrinets og landshlutasamtaka um sóknaráætlanir landshluta fyrir árin 2015-2017 sem spanni verksvið menningarsamninga, sóknaráætlana og vaxtarsamninga og hugsanlega fleiri verkefna.

b. Umræða

Rætt um minnisblað stýrinets sóknaráætlunar landshluta, framkvæmdastjóri upplýsti að ekki hafa komið fram nánari upplýsingar um næstu skref að hálfu stjórnvalda. Á grundvelli umræðu lagði formaður fram tillögu;

Stjórn FV fagnar því skrefi að vaxtarsamningar verði nú sameinaðir með sóknaráætlun landshluta en harmar um leið, að hið sama gildi ekki um menningarsamninga fyrir árið 2014.

Stjórn FV samþykkir að innan ársins 2014 eigi að leitast við að halda núverandi fyrirkomulagi vaxtarsamninga. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita eftir samningi við Atvest um framkvæmd vaxtarsamnings fyrir árið 2014 á grundvelli efnisatriða samnings FV við stjórnvöld. Jafnframt felur stjórn FV framkvæmdastjóra að hefja vinnu að endurskoðun stoðkerfis atvinnu og byggðaðpróunar fyrir tímabilið 2015-2017.

Tillagan samþykkt.

3. Aðalfundur Fræðslumiðstöðar Vestfjarða (FRMST)

Kynnt aðalfundarboð FRMST þann 6. maí n.k.. Stjórn FV felur framkvæmdastjóra að undirbúa aðkomu FV að fundinum, val á fulltrúa í fulltrúaráð og skipan stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.00.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri